



Öldungaráð Hafnarfjarðar

1. Stjórnarfundur haldinn þriðjudaginn 12.janúar 2016 kl 16:00 í Ráðhúsi Strandgötu 6.

Fundargerð

Mæting: Elísabet Valgeirsdóttir, formaður, Þórdís Bakkmann Kristinsdóttir, Lilja E. Kristjánsdóttir, Guðmundur Fylkisson, Gylfi Ingvarsson, Jóhanna Axelsdóttir, Guðmundur Sigurðsson og Sjöfn Guðmundsdóttir.

Dagskrá:

1. Heimsókn á Drafnarheimilið.

Rætt hefur verið við Erlu Einarsdóttur, forstöðumann í Drafnarhúsi sem býður Öldungaráð velkomið í heimsókn. Ákveðið að Elísabet, Þórdís, Jóhanna og Gylfi fari saman og skoði aðstæður og aðbúnað. Skoðunarferð verður farin kl. 10.30 mánudaginn 18.janúar.

2. Umræða um fleiri heimsóknir t.d. skoða dagdvöl Hrafnistu og Sólvangs. Skoða aðbúnað og fleira.

Þórdís bókar skoðunarferð í dagdvölinna á Hrafnistu og Elísabet í dagdvölinna á Sólvangi.

3. Rætt um að skoða einnig mötuneyti aldraðra í bænum og fleiri stofnanir. Elísabet mun hafa samband við Rauða Krossinn.

Önnur mál.

Gylfi Ingvarsson gerir grein fyrir lokauppgjöri fyrir Öldrunarmiðstöðina Höfn.

Bréf frá Guðlaugu Kristjánsdóttur vegna jafnréttisstefnu lesið upp. Óskað er eftir umsögn og ábendingum frá Öldungaráði. Umsögn þarf að hafa borist fyrir 31.janúar 2016.

Fundarritari: Sjöfn Guðmundsdóttir